



Símakönnun 2011

Fyrir árið 2010

Inngangur

Þjónustukönnun í gegnum síma var gerð í Hlutverksetri, í septembermánuði 2011. Einstaklingar sem tengst höfðu Sjúkratryggingum Íslands árið 2010 voru 99 talsins. Haft var samband við þá sem höfðu tekið þátt í starfsseminni 2 mánuði eða lengur. Þeir sem uppfylltu þessi skilyrði voru 64 einstaklingar. Af þessum 64 einstaklingum svöruðu 32 einstaklingar. Þátttakendum var gerð grein fyrir því að ekki yrði hægt að rekja svörin til þeirra. Skýrsluhöfundur er starfsmaður “Notandi spyr notanda” (NsN) og nemi í heimspeki við H.Í.

Spurningaramminn var þessi og stundum var farið út fyrir efnið en rammanum haldið:

1. Hvernig kynntist þú Hlutverkasetri?
2. Hvað varð til þess að þú tókst þetta skref?
3. Hvaða væntingar hafðir þú til Hlutverkaseturs?
4. Stóðust þær væntingar?
5. Ef ekki, hvað má bæta?
6. Varð einhver breyting á högum þínum eftir kynni þín af Hlutverkasetri?
7. Myndaðir þú tengsl við aðra?
8. Sóttir þú námskeið?
9. Á hvern hátt hefur Hlutverkasetur gagnast þér?
10. Hvaða framtíðarsýn hefur þú fyrir Hlutverkasetur?
11. Kemur þú enn í Hlutverkasetur?
12. Ef ekki, af hverju, nefna dæmi.
13. Endurtók atvikið sig? (ef eitthvað neikvætt kom upp)
14. Hvaða verkefni tóku við?

Hvernig kynnist fólk Hlutverkasetri?

Starfsfólk úr heilbrigðis- og félagsþjónustunni bentu fólki helst á staðinn og einnig fjölskyldumeðlimir eða vinir. Tveir komu eftir að hafa séð staðinn auglýstan. Dæmi um þá sem vísa á Hlutverkasetur eru t.d. geðlæknar, félagsráðgjafar, iðjupjálfar svo og önnur endurhæfingarúrræði s.s. Janus, Ekron o.fl.

Af hverju kemur fólk í Hlutverkasetur, stígur þetta skref?

Flestir vildu rjúfa einangrun sína eða að taka næsta skref í endurhæfingu sinni. Sumir nefndu atvinnuleysi og aðrir vildu bara koma að sjá, voru forvitnir. Enn aðrir nefndu að námskeiðin hafi trekkst að og sumir vildu kynnast nýju fólki.

Hvaða væntingar hafði fólk?

Helmingur aðspurðra hafði ekki haft neinar sérstakar væntingar til staðarins, en voru ánægðir þegar á hólminn var komið. Hinn helmingurinn var með væntingar um það að fá einhverja hjálp og voru margir í þeim hópi þakklátir fyrir þá aðstoð sem þeir höfðu fengið í Hlutverkasetri. Enn aðrir töldu að þeir hefðu fengið ágæta aðstoð þrátt fyrir að staðurinn hefði ekki staðist allar væntingar. Dæmi: Einn sem ekki hafði neinar væntingar til staðarins fékk áhuga fyrir því að fara í nám. Annar einstaklingur gerði sér vonir um að öðlast meira sjálfstraust og stóðust þær væntingar.

Breyting á högum

Flestir þeirra sem svöruðu þessari spurningu sögðu að einangrun þeirra hefði verið rofin, aðrir töluðu um að þeir hefðu eignast vini eða kunningja. Einn þeirra eignaðist t.d. mjög góðan vin. Sumir nefndu að sjálftraust þeirra hefði aukist og enn aðrir að þetta væri góður staður til að bæta sig og nefndi einn að þarna hefði hann fengið ákveðið tækifæri og enn aðrir fengu áhuga á námi.

Hvað má bæta?

Þegar innt var eftir því hvað betur mætti fara hjá Hlutverkasetri komu nokkrar hugmyndir fram. Dæmi: Ein manneskja vildi sjá þverfaglegan hóp að störfum í Hlutverkasetri ekki bara iðjupjálfa, viðkomandi vildi auka þjónustu setursins. Einn einstaklingur sagði að alltaf væri hægt að breyta og bæta og gott væri að endurskoða starfið reglulega. Annar vildi að þarna væri boðið upp á alls kyns meðferðarúrræði. Enn einn vildi að starfsfólkið gæfi sér meiri tíma með fólkinu og að tekið væri betur á móti þeim sem væru að koma í fyrsta skipti.

Voru tengsl mynduð?

Langflestir af þeim sem hringt var í höfðu myndað tengsl við aðra og voru mjög ánægðir með það. Sumir höfðu eignast kunningja en eru ekki í tengslum við þá utan Hlutverkaseturs. Margir höfðu kynnst fólki sem þeir telja vera mjög góða vini og eru í reglulegu sambandi við.

Sækir fólkið námskeið?

Aðeins fjórir af 32 sóttu ekki námskeið á vegum Hlutverkaseturs. Mörg námskeið voru nefnd og var fólkið mjög ánægt með úrvalið þó að einn hafi sagt að það vantaði námskeið sem væru sértaklega stíluð inn á eldri karla. Flestir þeirra sem talað var við höfðu nýtt sér myndlistarnámskeið. Einn kom með hugmynd að gott væri að fólk með geðsjúkdóma fengi að vera með séraðstöðu þar sem notendur hjálpa hver öðrum í list sinni og hefðu lykjavöld. Viðmælanda fannst ekki auðvelt að umgangast „heilbrigða“.

Hvernig gagnast Hlutverkasetur?

Flestir sem koma í Hlutverkasetur töldu sig hafa mikið gagn af starfseminni. Þar væri hægt að kynnst alls konar fólki og fara á námskeið. Margir nefndu að þátttakan gæfu þeim ástæðu til að vakna á morgnanna, vera virkir og fá tækifæri á að einbeita sér að verkefnum. Þarna gæfist tækifæri að dreifa huganum. Margir nefndu að þátttakan hefði opnað nýja möguleika fyrir þá. Sumir þökkðu Hlutverkasetri það að áhugi fyrir námi hafi kviknað. Öðrum hentaði þetta úrræði ekki eins vel.

Framtíðarhugmyndir fyrir Hlutverkasetur

Eins og áður hefur komið fram eru framtíðarhugmyndir fyrir Hlutverkasetur nokkrar. Verkefni sem myndi höfða til eldri karlmanna, lokuð vinnustofa fyrir fólk með geðsjúkdóma o.fl. Ein hugmyndin var matarklúbbur, spilahópur var nefndur en sumum fannst Hlutverkasetur gott eins og það er og fannst mikilvægt að það héldi áfram á sömu braut. Félagsfælinn einstaklingur talaði um að það væri of mikill glymjandi á staðnum, þess vegna væri erfitt að koma. Einstaklingar með félagsfælni vildu að Hlutverkasetur kæmi betur til móts við þeirra sérþarfir.

Kemur fólknið enn í Hlutverkasetur og hvað tók við ?

Fimmtán koma enn í Hlutverkasetur. Þrír einstaklingar eru komnir í nám og fjórir í vinnu. Sumir taka nú þátt í Hugarafli, Janusi eða eru sjálfboðaliðar hjá Rauða krossinum. Sumir einstaklinganna voru bara að taka sér frí þegar könnunin var gerð. Tveir einstaklingar höfðu lent í því að starfsmenn hefðu verið hranalegir við þá. Eftir á að hyggja töldu þeir líklegt að þeir sjálfir hefðu verið ofurviðkvæmir þennan dag.

.

Lokaorð

Á heildina litið voru viðmælendur mjög ánægðir með þjónustuna. Þeir mátu þjónustuna sem nauðsynlegan hluta af endurhæfingu sinni og—/eða sem virknimiðstöð þar sem gott er að koma og brjóta upp daginn. Fyrir suma er Hlutverkasetur staður þar sem það fær hvatningu til að láta drauma sína rætast varðandi menntun og að finna atvinnu. Fagfólk í iðjupjálfun fær góða umfjöllun og töldu margir að iðjupjálfnir ættu stóran þátt í bataferli þeirra.